

Skilmálar Fríðindareiknings

Með undirritun viðskiptavinar stofnast til samnings á milli Arion banka og viðskiptavinar um Fríðindareikning hjá Arion banka hf., kt. 581008-0150 (hér eftir „Arion banki“ eða „bankinn“). Fríðindareikningur er sparnaðarreikningur vildarkerfis Arion banka, Arion fríðindi. Arion fríðindi er vildarkerfi sem Arion banki býður viðskiptavinum sínum aðild að í þeim tilgangi að veita viðskiptavinum fríðindi, afslætti, endurgreiðslur eða önnur sérkjör. Um Fríðindareikning gilda eftirfarandi skilmálar.

Almennt um reikninginn

Fríðindareikningur er óbundinn óverðtryggður reikningur í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem gerir viðskiptavini sem er meðlimur í Arion fríðindum kleift að spara með einföldum hætti og án skuldbindingar um binditíma. Innstæða reikningsins er því ávallt laus til útborgunar.

Um notkun Fríðindareiknings gilda Almennir viðskiptaskilmálar Arion banka, skilmálar vildarkerfis Arion banka – Arion fríðindi og eftir atvikum ákvæði skilmála og reglna um einstakar vörur eða þjónustu sem bankinn kann að veita viðskiptavini, verðskrá og vaxtatafla Arion banka eins og ákvæði þeirra eru á hverjum tíma og eftir því sem við á. Með stofnun Fríðindareiknings undirgengst viðskiptavinur að hlíta skilmálum þessum í hvívetna. Öll notkun á þjónustu Fríðindareiknings takmarkast við þær aðgerðir sem eðlilegar og löglegar geta talist, sem og þær upplýsingar og þá þjónustu sem í boði er á hverjum tíma. Viðskiptavinur staðfestir að hafa kynnt sér aðra skilmála sem um samninginn og viðskiptasamband Arion banka og viðskiptavinar gilda.

Reikningurinn er ekki greiðslureikningur í skilningi laga nr. 5/2023 um greiðslureikninga og laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu og taka því ekki til hans þau ákvæði viðskiptaskilmála Arion banka sem gilda um greiðslureikninga og ákvæði laga og reglna sem aðeins varða greiðslureikninga og greiðslur gerðum af slíkum reikningum.

Stofnun fríðindareiknings

Skilyrði stofnunar Fríðindareiknings eru að viðskiptavinur eigi aðild að Arion fríðindum og uppfylli að minnsta kosti skilyrði þess að vera á stigi 1. Um aðild að Arion fríðindum gilda skilmálar vildarkerfis Arion banka – Arion fríðindi eins og þeir eru hverju sinni. Allar upplýsingar um Arion fríðindi má nálgast á vef Arion banka. Arion banki áskilur sér rétt til að taka einhliða ákvörðun um lokun Fríðindareiknings viðskiptavinar án undanfarandi tilkynningar ef viðskiptavinur uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir þátttöku í Arion fríðindum.

Eiginleikar reikningsins

Greiðslur af Fríðindareikningi geta aðeins falið í sér millifærslu yfir á tilgreindan ráðstöfunarreikning í eigu viðskiptavinar hjá Arion banka.

Ráðstöfunarreikningur Fríðindareiknings þarf að vera óbundinn reikningur í eigu viðskiptavinar hjá Arion banka. Viðskiptavinir geta aðeins millifært af Fríðindareikningi í gegnum stafrænar lausnir Arion banka, svo sem netbanka eða Arion appið. Viðskiptavinur getur lokað reikningnum hvenær sem er í Arion appinu, með því að hafa samband við þjónustuver eða heimsækja útibú bankans.

Innstæða Fríðindareiknings er ávallt laus til útborgunar.

Umboð

Viðskiptavinur getur ekki veitt öðrum aðilum umboð til að millifæra af Fríðindareikningi. Viðskiptavinur getur veitt öðrum einstaklingum 18 ára eða eldri skoðunaraðgang að Fríðindareikningi. Með því að veita skoðunaraðgang samþykkir viðskiptavinur að valdir einstaklingar fái aðgang að upplýsingum um stöðu sparnaðar, vaxtagreiðslur sem og um allar færslur sem hafa verið framkvæmdar á reikningnum.

Vextir

Vextir Fríðindareiknings eru breytilegir eftir fjárhæð innstæðu reikningsins og tilgreindu stigi Arion fríðinda. Vextir taka breytingum án fyrirvara eða sérstakrar tilkynningar í samræmi við vaxtaáávarðanir bankans á hverjum tíma. Unnt er að nálgast upplýsingar um vexti fríðindareiknings í vaxtatöflu Arion banka.

Innborganir bera vexti samkvæmt vaxtatöflu frá og með innborgunardegi. Vextir reiknast af stöðu í dagslok. Vextir af innstæðu Fríðindareikningsins greiðast út vikulega. Vextir eru reiknaðir á fimmtudegi og koma til greiðslu á föstudegi fyrir vaxtatímabilið, sem almennt er 7 daga vika, frá föstudegi til og með fimmtudags, nema í fyrstu og síðustu viku ársins, þar sem vextir greiðast 31. desember auk þeirra vikna þar sem fimmtudagur er ekki bankadagur.

Ef vaxtaútreikningsdagur er ekki bankadagur, eru vextir reiknaðir síðasta bankadag fyrir vaxtaútreikningsdag og vextir greiddir degi síðar.

Vöxtum er bætt við höfuðstól innstæðu og eru þeir lausir til ráðstöfunar frá eignfærslu á Fríðindareikning.

Færist viðskiptavinur um stig í Arion fríðindum eða ef innstæða reikningsins flyst á milli vaxtaþrepa reikningsins, breytast vextir Fríðindareiknings til hækkunar eða lækkunar í samræmi við vaxtatöflu bankans.

Uppfylli viðskiptavinur ekki skilyrði þess að vera að lágmarki á stigi 1 í Arion fríðindum eða ljúki aðild viðskiptavinar að Arion fríðindum, með hvaða hætti sem er, falla sérkjör Fríðindareikningsins úr gildi án tilkynningar og munu lægstu vextir óbundinna reikninga samkvæmt vaxtatöflu Arion banka eins og þeir eru hverju sinni gilda um reikninginn.

Önnur ákvæði

Viðskiptavinur samþykkir að greiða gjöld vegna veittrar þjónustu í tengslum við Fríðindareikninginn í samræmi við verðskrá Arion banka eins og hún er hverju sinni, eftir því sem við á. Viðskiptavinur samþykkir jafnframt að gjöld og vextir fylgi breytingum á verðskrá og vaxtatöflu Arion banka. Nýjustu útgáfu verðskrár og vaxtatöflu Arion banka má ávallt nálgast á vef bankans.

Skilmálarnir eru óbreytanlegir af hálfu viðskiptavinar og hafa því útstrikanir eða aðrar breytingar ekkert gildi nema þær séu sérstaklega samþykktar skriflega af hálfu Arion banka.

Viðskiptavini er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur á grundvelli þessara skilmála.

Um skilmálann gilda íslensk lög og rísi ágreiningur á milli aðila skal bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Arion áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum hvenær sem er. Skulu uppfærðir skilmálar taka gildi þegar þeir hafa verið birtir á vefsíðu bankans og tilkynntir viðskiptavinum sem eru aðilar að vildarkerfinu þegar slíkir uppfærðir skilmálar taka gildi. Bankinn skal þó leitast við að tilkynna viðskiptavinum um breytta skilmála með 30 daga fyrirvara.

Séu skilmálar þessir og aðrir skilmálar ósamrýmanlegir gilda þessir framar.

Skilmálar þessir taka gildi þann 29. október 2025.

Undirritun viðskiptavinar

Viðskiptavinur samþykkir skilmála þessa með undirritun sinni, undirritun með fullgildum rafrænum undirritunarbúnaði eða með einföldu rafrænu samþykki með haki í gegnum app bankans eða netbanka, enda hafi viðskiptavinur skráð sig þar inn með öruggri auðkenningarleið.